

Upplýsingar um HRAÐATAKMARKARA OG ÖKURITA

Hraðatakmarkarar:

Eftirtaldir bifreiðir eiga að vera með hraðatakmarkara:

- *Hópbifreiðir – takmarka við 100 km/klst:*
 - Skráðar eftir 01.01.1994 sem eru yfir 10 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 27.04.2007 sem eru yfir 7,5 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 01.01.2008 sem eru yfir 5,0 t að leyfðri heildarþyngd
- *Vörubifreiðir – takmarka við 90 km/klst:*
 - Skráðar eftir 01.01.1994 sem eru yfir 10 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 27.04.2007 sem eru yfir 7,5 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 01.01.2008 sem eru yfir 3,5 t að leyfðri heildarþyngd

Þær bifreiðir sem eru undanþegnar hraðatakmarkara eru (þannig skráðir í ökutækjaskrá, þó ekki skv. síðasta lið):

- Bifreiðir til neyðaraksturs.
- Bifreiðir sem hafa lægri tæknilegan hámarkshraða en sem nemur takmörkunarhraðanum.
- Bifreiðir sem notaðar eru í tengslum við vísindalegar tilraunir.
- Bifreiðir sem eingöngu eru ætlaðar til að veita opinbera þjónustu í þéttbýli.

Ökuritar:

Eftirtaldir bifreiðir eiga alla jafna að vera með ökurita:

- Vörubifreiðir (yfir 3.500 kg heildarþyngd) og hópbifreiðir (yfir 16 farþega) sem notaðar eru í atvinnuskyni þar sem aksturinn er aðalstarf ökumanns.

Ýmsir hópar bifreiða eru undanþegnar ökurita, m.a. þessar (nánari upplýsingar og túlkun hjá Vegagerðinni):

- Hópbifreiðir í reglubundnum ferðum (mest 50 km leið).
- Bifreiðir sem opinbert yfirvald notar til að annast þjónustu við almenning. Líka bílar sem notaðir eru í tengslum við störf við fráveitur, vatns- og rafmagnsveitur, viðhald á vegum, sorphirðu, póstflutninga, útvarpsendinga o.fl.
- Bifreiðir sem notaðir eru í neyðartilvikum, við björgunarstörf, sérbúið til að sinna lækniþjónustu o.þ.h.
- Bifreiðir í reynsluakstri eða ökukennsluakstri.
- Vörubifreiðir hjá fyrirtækjum í landbúnaði eða fiskvinnslu (mest 50 km leið) og mjólkurbílar.

Uppsetningarplötur:

Sérstakar uppsetningarplötur eiga að vera í bifreiðinni, ein fyrir hraðatakmarkarann og önnur fyrir ökuritann. Uppsetningarplatan fyrir hraðatakmarkarann á að vera staðsett á áberandi stað í stýrishúsi, t.d. á mælaborði, í framrúðu, gæti einnig verið á ökuritanum. Uppsetningarplatan fyrir ökuritann er yfirleitt á ökuritanum (venjulega undir lokinu á þeim eldri, en venjulega undir skúffunni á þeim rafrænu). Á uppsetningarplötu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma skýrt fram:

- Íslenskt fastnúmer eða verksmiðjunúmer bifreiðarinnar.
- Heiti verkstæðis og innsiglisnúmer.
- Dagsetning ísetningar / innsiglnar (má ekki vera eldri en 6 ára).
- Virkt ummál drifinna hjólbarða, sýnt sem $I = \dots$ mm.
- Einkennisstuðull fyrir vélrænan ökurita, sýnt sem $w = \dots$ snún/km (mjög fáir slíkir mælar)
- Hraðatakmarkari: Hámarkshraði sem hraðatakmarinn leyfir.

Þessar upplýsingar þurfa að koma skýrt fram og mega ekki vera afmáðar. Ef upplýsingarnar eru máðar af að hluta til eða í heild þarf að færa bílinn á ökuritaverkstæði til að endurnýja upplýsingaplötuna.

ATHUGIÐ:

- **Allir vörubílar (yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd), og þeir hópbílar sem eru yfir 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd, sem nýskráðir eru (í fyrsta skipti hérlendis eða erlendis) eftir 1. janúar 2008 eiga að vera með hraðatakmarkara.**